

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Tengivirkið

Nafn styrkþega: Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Útdráttur: Á undanförnum misserum hefur innflytjendum fjölgað í okkar hverfum og nú eru tæplega 600 nemendur fjöltyngdir í grunnskólum í hverfum Laugardals og Háaleitis. Tengivirkið er þróunarverkefni þar sem markmiðið er að efla lýðræðislega þátttöku, valdefla og virkja fólk með annað móðurmál en íslensku á aldrinum 16 – 25 ára. Verkefnið miðar að því að auðvelda aðlögun innflytjenda og hvetja fólk til samfélagslegrar virkni og aukinna samskipta bæði við hvert annað og við íbúa í hverfinu. Verkefnið vinnur gegn félagslegri einangrun með valdeflingu. Umræðuhópar hittast vikulega sem virkar mjög vel og bætir tengslanet fólksins. Mikil upplýsingamiðlun fer fram í umræðuhópum sjálfum og ýmsum viðburðum þeim tengdum. Í hópastarfinu er þó fyrst og fremst lögð áhersla á að hafa gaman sem hópur og kynnast innbyrðis auk þess að kynna það sem hverfið hefur upp á að bjóða. Tengivirkið myndar því aukna tengingu innflytjenda og flóttafólks í félagsauðinn í okkar hverfum. Þar að auki gefa umræðuhóparnir okkur kleift að eiga samtál og samráð við innflytjendur og flóttafólk. Margvísleg aðstoð og upplýsingamiðlun kom út frá tengslunum sem við mynduðum við fólkið, til að auðvelda þeim aðlögun til dæmis aðstoð við skráningu í frístundastarf, útbúa ferilskrá, umsóknir um atvinnu og starfskynningar. Verkefnið stuðlar að jafnræði, styrkir stöðu fólksins félagslega, veitir þeim vettvang til að ræða sín mál við fólk í sömu stöðu, aðgang að upplýsingum auk stuðnings við aðlögun.

Name of the project: Connecting communities/building communities

Name of grantee: The service center in Laugardalur and Háaleiti in Reykjavík

Project description: In the past semesters, immigration has increased and now there are barley 600 multilingual students in elementary schools in the neighborhood of Laugardalur and Háaleiti. The connecting communities project is a development project where the goal is to encourage democratic participation, empower and activate people with another mother tongue than Icelandic on the age 16 - 25 years old. The project aims to help make immigrants adjust and inspire people to be active participants of community as well as have contact with each other

and other residents of the neighborhoods. The project works against social isolation by empowering people. The discussion groups meet weekly which works well and improves the people's network. A lot of information is shared in the discussion group but most importantly the discussion group aims to have fun together as a group as well as to introduce what the neighborhood has to offer. The connecting communities, therefore, connect immigrants and refugees to the social resources in our neighborhood. They have gotten a variety of assistance and information from us to help them with adjusting, for example, we helped them sign up for extracurricular activities, making a resume, applying for a job as well as getting a job introduction. The project aims towards equality, strengthens their social status, and gives them a platform to discuss their issues with people in a similar position, access to information as well as support for adaptation.